

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 22. maí 2019 í máli nr. E-3091/2018:

Landsbankinn hf.

(Bjarni Þór Óskarsson lögmaður)

gegn

Guðjóni Ragnari Rögnvaldssyni

(Heiðar Ásberg Atlason lögmaður)

Mál þetta, sem dómtekið var 27. mars sl. að lokinni aðalmeðferð, er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur með stefnu birtri 18. september 2018, af Landsbankanum hf., Austurstræti 11, Reykjavík, á hendur Guðjóni Ragnari Rögnvaldssyni, [..., ...].

I.

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 33.000.000 króna ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá 17. ágúst 2018 til greiðsludags. Hann krefst einnig málskostnaðar.

Stefndi krefst sýknu auk málskostnaðar.

II.

Málsatvik

Þann 24. apríl 2012 gerðu stefnandi og Pétursey ehf., sem var félag í eigu stefnda sem rak fiskvinnslu, afurðalánasamning um lán til framleiðslu sjávarafurða. Stefnandi skyldi hafa til reiðu fyrir Pétursey lánalínu að fjárhæð allt að 1.057.000 evrur, eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í þeim myntum sem stefnandi lánaði hverju sinni. Upphaflega átti Pétursey að greiða lánið að fullu með einni afborgun 21. mars 2013, en greiða vexti á eins mánaðar fresti út lánstímann. Pétursey var heimilt að draga á samninginn að ákveðnum skilyrðum uppfylltum og skyldi senda stefnanda lánsbeiðni um einstaka lánshluta. Á tímabilinu 24. apríl 2012 til 14. ágúst 2013 bárust stefnanda slíkar beiðnir frá Pétursey og í samræmi við þær greiddi stefnandi út lán inn á gjaldeyrisreikninga félagsins. Í 9. gr. samningsins segir að við tiltekin skilyrði sé stefnanda heimilt að fella samninginn úr gildi og gjaldfella lánið með tilkynningu til Péturseyjar. Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu allra lánshluta samningsins tókst stefndi á hendur sjálfskuldarábyrgð að fjárhæð 10.000.000 króna. Þann 10. desember 2012 var sjálfskuldarábyrgð stefnda hækkuð í 33.000.000 króna. Þá breyttist lánsheimildin þannig að stefnandi skyldi hafa til reiðu fyrir Pétursey lánalínu að fjárhæð allt að 1.350.000 evrur eða jafnvirði þeirrar

fjárhæðar í þeim myntum sem stefnandi lánaði í hverju sinni. Þann 18. mars 2013 var gildistíma sammingsins breytt þannig að samningurinn gildi til 21. mars 2014 og skyldi Pétursey greiða 0,30% umsýslugjald af heildarfjárhæð lánalínunnar við undirritun viðaukans. Þann 3. apríl 2013 breyttist lánsheimildin þannig að frá og með undirritun viðaukans til 31. maí 2013 skyldi stefnandi hafa til reiðu fyrir Pétursey lánalínu að fjárhæð allt að 1.620.000 evrur eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í þeim myntum sem stefnandi lánaði í hverju sinni. Frá og með 1. júní 2013 til loka sammingsins 21. mars 2014 skyldi stefnandi hafa til reiðu fyrir lántaka lánalínu að fjárhæð 1.350.000 evrur. Til frekari tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu allra lánshluta samkvæmt samningnum setti Pétursey bankanum að veði birgðir og kröfur félagsins með útgáfu tryggingarbréfs, að fjárhæð 30.000.000 krónur. Þann 3. júní 2013 breyttist lánsheimildin þannig að frá og með undirritun viðaukans til 31. maí 2013 skyldi stefnandi hafa til reiðu fyrir Pétursey lánalínu að fjárhæð allt að 1.620.000 evrur eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í þeim myntum sem stefnandi lánaði í hverju sinni. Frá og með 1. júlí 2013 til loka gildistíma sammingsins 21. mars 2014 skyldi stefnandi hafa til reiðu fyrir Pétursey lánalínu að fjárhæð 1.350.000 evrur. Þann 1. júlí 2013 breyttist lánsheimildin enn á ný þannig að frá og með undirritun viðaukans til og með 1. september 2013 skyldi stefnandi hafa til reiðu fyrir Pétursey lánalínu að fjárhæð allt að 1.620.000 evrur eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í þeim myntum sem stefnandi lánaði í hverju sinni. Frá og með 2. september 2013 til loka gildistíma sammingsins 21. mars 2014 skyldi stefnandi hafa til reiðu fyrir Pétursey lánalínu að fjárhæð 1.350.000 evrur.

Þann 26. september 2013 sendi stefnandi tilkynningu til Péturseyjar ehf. og stefnda um að samningurinn hefði verið gjaldfelldur að hluta. Stefnandi skoraði á félagið að greiða niður lán samkvæmt samningnum þannig að sammingsbundnum veðhlutföllum væri náð. Þann 14. október 2013 tilkynnti stefnandi svo félaginu að samningurinn hefði verið gjaldfelldur í heild vegna vanefnda. Stefnandi sendi stefnda yfirlit ábyrgða 5. janúar 2013, 31. desember 2013, 3. janúar 2015, 8. janúar 2016, 10. janúar 2017 og 9. janúar 2018.

Bú Péturseyjar var tekið til gjaldþrotaskipta 13. nóvember 2014 og lauk skiptum á búinu 5. febrúar 2015. Stefnandi lýsti tveimur kröfum í búinu en fékk einungis tiltekinn hluta greiddan.

Með greiðsluáskorun birtri 17. júlí 2018 krafðist stefnandi þess að stefndi myndi greiða skuld samkvæmt ábyrgðarskuldbindingu sinni eða semja um greiðslu hennar. Með bréfi, dagsettu 8. ágúst 2018, hafnaði stefndi kröfum stefnanda.

III.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggði kröfu sína á áðurlýstum afurðalánasamningi frá 24. apríl 2012 milli Péturseyjar ehf. og stefnanda, þar sem stefnandi hafi samþykkt að hafa til reiðu fyrir Pétursey lánalínu að fjárhæð allt að 1.057.000 evrur eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í þeim myntum sem stefnandi myndi lána í hverju sinni. Lánið hafi borið að greiða að fullu með einni afborgun í lok lánstímans 21. mars 2013. Þá vísi stefnandi til þeirra breytinga sem gerðar voru á samningnum með þeim viðaukum sem áður er gerð grein fyrir.

Skyldi Pétursey ekki standa skil á greiðslu vaxta eða afborgunar hafi félaginu borið að greiða dráttarvexti af gjaldfallinni fjárhæð frá gjalddaga til greiðsludags. Stefnandi hafi haft um það val hvort krafist yrði dráttarvaxta af fjárhæðinni í erlendri mynt eða af skuldinni breyttri í íslenskar krónur. Kæmi til vanefnda af hálfu félagsins á skyldum samkvæmt samningnum hafi félagið einnig skuldbundið sig til þess að greiða bankanum, auk vaxta og dráttarvaxta, allan kostnað vegna vanefndanna.

Stefnandi vísi til þess að stefndi hafi tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu allra lánshluta að fjárhæð 10.000.000 króna. Sjálfskuldarábyrgðin hafi tekið til greiðslu höfuðstóls allra lánshluta, auk dráttarvaxta og vaxtavaxta, svo og alls kostnaðar, sem af vanskilum kynni að leiða. Ábyrgðin hafi gilt jafnt þótt greiðslufrestur yrði veittur á skuldbindingum skv. samningnum einu sinni eða oft, uns skuldin væri að fullu greidd. Þá hafi sjálfskuldarábyrgðin 10. desember 2012 verið hækkuð í 33.000.000 króna.

Þann 13. nóvember 2014 hafi bú Péturseyjar verið tekið til gjaldþrotaskipta og því hafi ekki verið unnt að stefna félaginu, skv. 116. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Stefnandi hafi lýst kröfum að fjárhæð 199.061.147 krónur í búið sem veðkröfum skv. 111. gr. laga nr. 21/1991, eins langt og það hafi náð en að öðru leyti hafi kröfum verið lýst sem almennum kröfum skv. 113. gr. laganna. Samkvæmt kröfuskrá hafi kröfu bankans verið hafnað sem veðkröfu þar sem ekki hafi verið neinar birgðir í þrotabúinu en veðréttur stefnanda hafi verið bundin við slíkar birgðir. Samkvæmt auglýsingu í Lögbirtingablaði um skiptalok hafi skiptum verið lokið 5. febrúar 2015. Upp í veðkröfur hafi fengist tiltekinn hluti greiddur við útlagningu eigna en ekkert hafi fengist greitt upp í aðrar kröfur.

Stefnda hafi verið send tilkynning sem ábyrgðarmanns um sjálfskuldarábyrgð hans 31. desember 2012. Þá hafi hann fengið send yfirlit ábyrgða 5. janúar 2013, 31. desember 2013, 3. janúar 2015, 8. janúar 2016, 10. janúar 2017 og 9. janúar 2018. Loks hafi stefndi fengið senda greiðsluáskorun 5. júlí 2018 sem hafi verið birt á heimili hans 17. júlí 2018. Skuld þessi hafi ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og sé því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar. Dráttarvaxta sé krafist einum mánuði frá birtingu greiðsluáskorunar, eða frá og með

17. ágúst 2018, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

VI.

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi byggi í fyrsta lagi á því að á því að ábyrgðakrafa samkvæmt samningnum, dagsettum 24. apríl 2012, sé fallin niður fyrir fyrningu gagnvart stefnda og stefnandi hafi glatað rétti sínum til efnda samkvæmt ákvæðum laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda. Krafa stefnanda byggi á sjálfskuldarábyrgð sem stefndi hafi gengist undir vegna sammingsins. Stefnandi hafi gjaldfellt samninginn að hluta 26. september 2013, og í heild sinni 14. október 2013, með vísan til a- og j- liðar gr. 9,1 í samningnum. Af þeim sökum hafi fyrningarfrestur kröfunnar byrjað að líða 14. október 2013, sbr. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 150/2007.

Stefndi vísi til þess að samkvæmt 7. gr. laga nr. 150/2007 reiknist fyrningarfrestur gagnvart ábyrgðarmanni eftir sömu reglum og gildi um aðalkröfuna. Ábyrgðakrafa geti fyrnst sjálfstætt. Af þessu leiði að fyrningarfrestur ábyrgðarkrafna hefjist þegar aðalskuldin sé vanefnd, þ.e. frá gjalddaga aðalkröfunnar.

Stefndi byggi á því að fyrningarfrestur kröfunnar sé fjögur ár sbr. 3. og 7. gr. laga nr. 150/2007, og af þeim sökum hafi krafan fyrnst í síðasta lagi 15. október 2017 gagnvart stefnda. Um sé að ræða meginreglu laganna. Ákvæði 1. ml. 2. mgr. 5. gr. sömu laga sé undantekning frá þessu, þar sem kveðið sé á um 10 ára fyrningarfrest krafna sem byggist á peningalánnum, sem beri að skýra þröngt. Reglan gildi þó ekki um lán sem seljandi eða annar aðili hafi veitt til fjármögnunar á kaupum með greiðslufresti. Í athugasemdum við frumvarp það er hafi orðið að lögum um fyrningu segi einnig að ákvæðinu sé ekki ætlað að taka til annars konar fjármögnunar, sem fyrnist á fjórum árum eftir almennu reglunni í 3. gr.

Nauðsynlegt sé að gæta að eðli og ákvæðum sammingsins. Um sé að ræða viðskiptasamning um lán til framleiðslu sjávarafurða, þ.e. afurðalánasamning, með veði í vörubirgðum. Pétursey hafi verið heimilt að draga á heimild sína samkvæmt samningnum með sérstakri beiðni og stefnandi skyldi hafa til reiðu lánalínu að tiltekinni hámarksfjárhæð og á nánar tilgreindu tímabili. Andvirði lánsins skyldi, skv. gr. 1.7 í samningnum „*ganga til greiðslu hráefnis og annars kostnaðar vegna rekstrar [Péturseyjar], allt í nánara samkomulagi við Landsbankann hverju sinni*“. Þá skyldi lán samkvæmt samningnum aldrei nema hærri fjárhæð en 70% af viðmiðunarverði vörubirgða lántaka, sbr. gr. 1.3. Í gr. 2.3 kom fram að andvirði veðsettra birgða og veðsettra krafna skyldi ávallt greiðast stefnanda að fullu. Einnig sagði að innstæðu handveðsettra reikninga skyldi fyrst og fremst ráðstafa til greiðslu höfuðstóls og vaxta afurðalánsins og annarra lána, sem veitt höfðu verið vegna framleiðslu afurðanna.

Stefndi bendi á að ákvæði sammingsins hafi einnig lagt skyldur á Pétursey ehf. varðandi hvernig fjármunum skyldi ráðstafað en samkvæmt h-lið gr. 7.1 hafi félagið skuldbundið sig til að „*selja ekki afurðir, sem lánað hefur verið út á skv. samningi þessum, innanlands eða utan án leyfis Landsbankans, nema tryggt sé að andvirði þeirra berist Landsbankanum*“. Þá hafi verið kveðið á um það í i-lið sömu greinar að Pétursey skyldi sjá til þess að andvirði

veðsettra krafna væri „ávallt ráðstafað inná reikninga í viðkomandi mynt í Landsbankanum og skal innstæða þeirra handveðsett til tryggingar á skuldum samkvæmt þessum samningi“. Í 9. gr. samningsins hafi svo verið að finna ákvæði um skilyrði þess að stefnanda væri heimil uppsögn samningsins. Samkvæmt k- lið hafi það verið ef Pétursey skyldi nota lánsfé til annarra þarfa en kveðið hafi verið á um í samningnum og samkvæmt l- lið ef Pétursey skyldi skerða með einhverjum hætti rétt Landsbankans til andvirðis framleiðslunnar.

Stefndi byggir á því að það fyrirkomulag sem stefnandi hafi markað með gerð samningsins hafi falið í sér að þegar Pétursey ehf. hafi dregið á heimild samningsins hafi félagið verið bundið af því að nota það til kaupa á hráefni og í raun fengið greiðslufrest á andvirði þess. Stefnandi hafi þannig veitt Pétursey ehf. lán fyrir andvirði hins aðkeypta hráefnis og greiðslu þess verið frestað þar til unnin afurð hefði verið seld og greiðsla hefði borist frá þriðja aðila, þ.e. kaupanda. Sú greiðsla hafi síðan runnið til stefnanda. Þessi lánsheimild hafi því verið veitt til fjármögnunar á kaupum með greiðslufresti. Undantekningarregla 1. máls. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 150/2007 gildi ekki um fjármögnun af þessu tagi og fyrningartími aðalkröfunnar sé því fjögurf ár sbr. 3. gr. laganna.

Stefndi vísi til þess að rjúfa verði sérstaklega fyrningu gagnvart ábyrgðamanni en af því leiði að fyrningarfrestur gagnvart ábyrgðarmanni rofni ekki þó að fyrningu hafi eftir atvikum verið slitið gagnvart aðalskuldara. Þá byggir stefndi á því að fyrningu kröfunnar hafi ekki verið slitið innan fyrningarfrests gagnvart honum sem ábyrgðamanni frá því að krafan hafi verið gjaldfelld 14. október 2013 með þeim lögákveðnu tilvikum sem talin séu upp í IV. kafla laga nr. 150/2007. Krafa stefnanda á hendur stefnda hafi því verið fyrnd við birtingu stefnu 19. september 2018.

Stefndi vísi einnig til þess að við mat á efni samningsins verði að taka tillit til yfirburða og sérkunnáttu stefnanda í samnings sambandinu, en hann starfræki viðskiptabankastarfsemi á grundvelli opinbers starfsleyfis skv. ákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Í samræmi við andskýringarreglu samningaréttarins beri að skýra umdeilanleg eða óljós samningsákvæði þeim aðila í óhag sem hafi þau einhliða. Þá skuli túlka þeim aðila í óhag sem hefði átt að hlutast til um skýrara form samnings. Vafa um skýrleika fyrirbyggjandi gagna beri því að skýra stefnda, sem sé einstaklingur, í hag.

Stefndi byggir einnig á því að krafa stefnanda sé fyrir löngu niður fallin sakir tómlætis. Stefnanda hafi verið í lófa lagið að viðhalda kröfum sínum og haft alla burði til þess.

Það sé viðurkennd meginregla í kröfurétti að kröfuhafi verði að gæta réttar síns og halda honum til haga og bera halla af vanrækslu sinni. Aðgerðaleysi kröfuhafa eða tómlæti hans árum saman, sem hann ber áhættuna af, geti leitt til þess að krafa hans falli niður fyrr en samkvæmt lögbundnum reglum um fyrningu. Aðilar þurfi að geta gert ráð fyrir að gera upp viðskipti sín innan hæfilegs tíma, enda sé það bagalegt gagnvart skuldara að þurfa að gera upp meinta skuld þegar innheimta vegna hennar hafi legið niðri í mörg ár. Dómstólar hafi ítrekað beitt þessari reglu og sýknað skuldara vegna tómlætis kröfuhafa.

Aðgerðir stefnanda og málsatvik sýni skýrt fram á að kröfu stefnanda hafi hvorki verið fylgt eftir tímanlega né nægjanlega vel gagnvart stefnda.

Stefnandi hafi látið hjá líða í rétt tæp fimm ár að gera raunverulega tilraun til að innheimta kröfu samkvæmt samningnum gagnvart stefnda, en hann hafi af þeim sökum haft réttmætar væntingar um að krafan væri liðin undir lok.

Ábyrgð stefnda hafi verið sjálfskuldarábyrgð en ekki einföld ábyrgð. Fyrirnefndri ábyrgð sé þannig háttáð að kröfuhafi geti gengið að ábyrgðamanni fyrir skuldinni þegar skuldari efni ekki samningsskyldur sínar á réttum tíma. Stefnandi hafi því haft tækifæri til þess gagnvart stefnda frá október 2013 en hafi ekkert aðhafðst fyrr en í júlí 2018.

Stefndi hafi fengið senda greiðsluáskorun 5. júlí 2018 og hún verið birt á heimili hans 17. júlí 2018. Þær tilkynningar sem stefnandi hafi sent stefnda innihaldi engan texta um að stefnandi hafi ekki ætlað að leyfa vanefnd eða vanskilum á samningum að viðgangast eða að hann myndi framfylgja rétti sínum. Það eina sem umrædd skjöl beri með sér sé að stefnandi hafi sent þau til að framfylgja lagaskyldu skv. ákvæðum laga nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn. Þetta hafi ekki verið innheimtutilraunir. Stefnandi virðist ganga út frá því að ákvæði laga nr. 32/2009 gildi um stefnda en ekkert liggi hins vegar fyrir í málinu um að ákvæðum þessara laga hafi verið fylgt þegar stefndi hafi undirgengist sjálfskuldarábyrgð vegna samnings eða fjárhæð ábyrgðar hafi verið hækkuð. Í ljósi þessa byggir stefndi almennt á reglum laganna um réttarstöðu ábyrgðarmanna o.þ.m.t. að því leytir sem þær séu byggðar á almennum reglum kröfuréttar um kröfuábyrgðir.

Stefnandi hafi í október 2017 farið fram á að bú stefnda yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Krafa stefnanda í því tilviki hafi eingöngu verið byggð á sjálfskuldarábyrgð stefnda vegna fiskmarkaðsábyrgðar en ekki á samningnum sem hafi verið gjaldfelldur í október 2013. Þá hafi stefnandi útbúið stefnu, dagsetta 20. ágúst 2014, á hendur Pétursey ehf. til greiðslu skuldar sem eingöngu hafi verið tilkomin vegna fiskmarkaðsábyrgðarinnar. Dómkröfum hafi í því tilviki ekki verið beint að stefnda.

Fjórum árum frá gjaldfellingu samningsins og tæplega þremur árum frá gjaldþroti Péturseyjar verði að telja að stefnda hafi verið óhætt að álykta sem svo að stefnandi hafi eingöngu ætlað sér að gera kröfu um greiðslu samkvæmt sjálfskuldarábyrgð vegna fiskmarkaðsábyrgðarinnar en ekki á grundvelli samningsins. Krafa stefnanda sé því einnig fallin niður á þessum grundvelli.

Stefndi byggir kröfur sínar á ákvæðum laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda, almennum reglum kröfuréttar, ólögfestrum reglum kröfuréttar um tómlæti og andskýringarreglu samningaréttar.

Krafa um málskostnað sé studd við XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt sé byggð á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

V.

Niðurstaða

Í máli þessu er óumdeilt að stefndi gekkst undir sjálfskuldarábyrgð 24. apríl 2012 vegna allra lánshluta afurðalánasamningsins milli stefnanda og Péturseyjar ehf. að fjárhæð 10.000.000 króna. Þá er ágreiningslaust að ábyrgðin var hækkuð í 33.000.000 króna 10. desember 2012, og svarar sú fjárhæð til kröfu stefnanda.

Með bréfi, dagsettu 14. október 2013, tilkynnti stefnandi stefnda fyrir hönd Péturseyjar, um að samningurinn hefði verið gjaldfelldur vegna vanefnda, en

stefndi var þá framkvæmdastjóri félagsins. Samkvæmt 7. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda reiknast fyrningarfrestur gagnvart ábyrgðarmanni eftir sömu reglum og gilda um aðalkröfuna. Með framangreindu bréfi stefnanda hófst því einnig fyrningarfresturinn gagnvart stefnda, enda mátti honum þá vera ljóst að stefnandi hygðist bera fyrir sig gjaldfellingu, sbr. 3. mgr. 2. gr. laganna.

Stefnandi hefur ekki sýnt fram á að fyrningu hafi verið slitið gagnvart stefnda með þeim lögákveðnu aðstæðum sem taldar eru upp í IV. kafla laga nr. 150/2007. Verður því miðað við að tæp fimm ár hafi liðið frá upphafi fyrningarfrests skv. 3. mgr. 2. gr. laganna þar til málið var höfðað 19. september 2018.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 150/2007 er almennur fyrningarfrestur fjögur ár frá þeim degi er kröfuhafi gat fyrst átt rétt til efnda. Í 1. ml. 2. mgr. 5. gr. laganna er vikið frá þessari meginreglu og kveðið á um að kröfur sem byggjast á peningalánnum fyrnist á tíu árum. Í athugasemdum við frumvarp það er varð að lögum nr. 150/2007 eru þau rök færð fyrir þessari reglu að ýmis peningalán séu veitt án þess að tiltekinn sé ákveðinn gjalddagi, t.d. lán milli venslamanna. Eðlilegt sé að fyrningarfrestur vegna slíkra lána sé ríflegur, meðal annars með hliðsjón af meginreglu 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins, sem geti falið í sér að fyrningarfrestur byrji að líða strax þegar lánið er veitt. Reglan taki bæði til peningalána, sem veitt eru í atvinnuskyni, þar með talið yfirdráttarlána, og lána milli einstaklinga, hvort sem um formlegan lánagerning sé að ræða eða ekki. Ákvæðinu sé hins vegar ekki ætlað að taka til annars konar fjármögnunar, sem fyrnist á fjórum árum eftir almennu reglunni samkvæmt 3. gr. frumvarpsins. Í 2. ml. 2. mgr. 5. gr. laganna kemur fram að tíu ára fyrningarfresturinn gildi ekki um lán sem seljandi eða annar aðili hefur veitt til fjármögnunar á kaupum með greiðslufresti. Þá gildi fyrningarfrestur þessi ekki um vexti og verðbætur. Samkvæmt athugasemdunum eru rökinn fyrir þessu m.a. þau að þessi lán eru í raun ein tilhögun af fleiri við greiðslu kaupverðs, fremur en eiginlegt peningalán. Þá er á það bent að yfirleitt eru viðskipti vegna kaupa með greiðslufresti gerð upp á skömmum tíma fremur en að um langtímalán sé að ræða og því sé ekki þörf á jafnlöngum fyrningarfresti og ella.

Í áðurlýstum lánessamningi kemur fram að Pétursey var heimilt að draga á heimild sína með sérstakri beiðni og skyldi stefnandi hafa til reiðu lánalínu að tiltekinni hámarksfjárhæð. Ef eftirstöðvar lána næmu hærri fjárhæð en svaraði til 70% af veðsettum birgðum og 70% af veðsettum kröfum var félagið skuldbundið til að greiða lánið niður svo framangreindu hlutfalli milli eftirstöðva lánsins og birgða og krafna væri náð. Stefnandi hafði fulla og ótakmarkaða heimild til að ráðstafa andvirði veðsettra afurða, greiddra krafna og innheimtra vörureikninga óskipt til greiðslu á þeirri fjárhæð sem var umfram viðmiðunarmörkin. Þá sagði í samningnum að andvirði veðsettra birgða og veðsettra krafna skyldi ávallt greiðast

stefnanda að fullu. Veðsettar kröfur skyldu innheimtast inn á reikninga stefnanda í viðkomandi mynt. Innstæða þeirra reikninga skyldi handveðsett til tryggingar á skuld samkvæmt samningnum. Innstæðu handveðsettra reikninga skyldi fyrst ráðstafað til greiðslu höfuðstóls og vaxta lánsins, og annarra lána sem veitt höfðu verið vegna framleiðslu afurðanna.

Samkvæmt framansögðu veitti stefnandi lán til Péturseyjar fyrir andvirði hins keypta hráefnis og fékk félagið greiðslufrest þar til unnin afurð hafði verið seld. Verður því að líta svo á að lánið hafi verið veitt til fjármögnunar á kaupum með greiðslufresti. Samkvæmt skýrum fyrirmælum 2. mgr. 5. gr. laga nr. 150/2007 gildir 10 ára fyrningarfrestur á kröfum sem byggjast á peningalánnum ekki um lán af þessu tagi og var fyrningartími kröfunnar því fjögur ár, sbr. 3. gr. laganna. Af 7. gr. laga nr. 150/2007 leiðir að sami fyrningarfrestur gildir um kröfuna á hendur stefnda. Samkvæmt þessu var krafa stefnanda gegn stefnda fallin niður fyrir fyrningu er málið var höfðað. Ber samkvæmt því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu.

Að fenginni þessari niðurstöðu ber, með vísan til 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 2.500.000 krónur og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Gætt hefur verið ákvæða 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991. Aðilar eru sammála dómara um að ekki sé þörf á endurflutningi málsins, þrátt fyrir þann drátt sem varð á uppkvaðningu dómsins, sem helgaðist af embættisönnum dómara.

Þórður Clausen Þórðarson héraðsdómari kveður upp dóminn.

D Ó M S O R Ð :

Stefndi, Guðjón Ragnar Rögnvaldsson., er sýkn af kröfum stefnanda, Landsbankans hf.

Stefnandi greiði stefnda 2.500.000 krónur í málskostnað.

Þórður Clausen Þórðarson

Rétt endurrit staðfestir,

Héraðsdómi Reykjavíkur, 22. maí 2019.

